

Kaupsamningur

Hægt er að senda samning til undirritunar með Póstinum. Bæði er hægt að senda kaupsamning með rekjanlegu bréfi, afhent skráðum viðtakanda eða pakka innanlands. Kaupsamningur er til dæmis þegar kaupandi vöru eða þjónustu óskar að láta skuldfæra af bankareikningi sínum eða kreditkortu fyrir upphæð vörunnar eða þjónustu. Reikningseigandi staðfestir með undirritun sinni á kaupsamning að hann heimili seljanda að skuldfært verði á tilgreindan reikning eða kreditkort. Það er eingöngu í boði fyrir notendur póststoðar.

Stærðarmörk

Stærðarmörk fara eftir því hvort um rekjanlegt bréf eða pakka sé að ræða.

Afhending

Einungis skráður viðtakandi má taka við sendingunni, umboð gildir ekki og það verður að sýna skilríki. Við afhendingu er viðtakandi látinn undirrita samninginn. Sá sem skrifar undir samninginn fær merkt afrit og meðfylgjandi sendingu. Umslag með R-viðtökunúmeri fyrir samninginn til baka er inn í plast umslaginu. Rekjanlegt bréf sem skal vera sent tilbaka á sendanda á að vera „gult rekjanlegt bréf“ sem þýðir „afhent á ákvörðunarstað – innifalið í burðargjaldi sem er greitt/reikningsfært við póstlagningu

Áritun og merkingar

Póstfang viðtakanda skal rita framan á sendinguna. Á svæðinu skulu ekki vera aðrar upplýsingar en þær sem tengjast beint póstfangi viðtakanda. Komi heimilisfang sendanda fram á sendingunni skal það vera aftan á henni með krossi yfir, þá sést að um sendanda sé að ræða. Sendingar skulu vera merktar sérstaklega með plast umslagi: “Kaupsamningur – Afhendist eingöngu skráðum viðtakanda gegn undirskrift kaupsamnings. Opnist af starfsmanni Póstsins við afhendingu sendingar” Plastumslagið skal vera á áberandi stað, helst á framhlið sendingarinnar. Ef það kemst ekki á framhlið sendingarinnar er límdur límmiði sem tilkynnir um kaupsamninginn. Í plastumslaginu þarf að vera venjulegt umslag til þess að senda undirritaðan samning til baka. Á umslaginu skal vera Rviðtökunúmer og merkt viðtakanda. Einnig þarf að skrifa KAUPSAMNINGUR á umslagið.

Afslættir

Ef um veruleg viðskipti er að ræða er afsláttur veittur út frá tíðni og magni.

Skaðabætur

Ef sending týnist eða skemmist í meðförum Póstsins getur sendandi krafist skaðabóta. Skaðabætur fara eftir því hvort sending var send sem rekjanlegt bréf eða pakki.